

Tilkynning um snyrtivörur í CPNP vefgátt ESB

Cosmetic Products Notification Portal

Ábyrgðaraðili skal tilkynna um fyrirhugaða markaðssetningu snyrtivöru í vefgátt ESB. Með því er tryggt að upplýsingar um snyrtivörur á markaði séu á einum stað og aðgengilegar eiturefnamiðstöðvum, læknum o.fl. Til eru leiðbeiningar á ensku¹. Hér á eftir er farið yfir hvernig aðgangur að CPNP er fenginn og í helstu atriðin í tilkynningu í vefgáttina.

Aðgangur að CPNP

Þegar farið er inn í vefgátt CPNP í fyrsta skipti (sjá á: <https://webgate.ec.europa.eu/cpnpro/public/tutorial.cfm>) er tvísmellt á „**Cosmetic Products Notification Portal (CPNP)**“ neðan við fyrirsögnina og þá kemur eftirfarandi mynd upp. Hún sýnir þau þrjú skref sem fara þarf í gegnum til að fá aðgang að CPNP.

The image shows a tutorial page for the CPNP. At the top, it says 'Tutorial to request access on CPNP'. Below this, there are three numbered steps:

- 1. Login**: A screenshot of the ECAS login page with a 'Go to ECAS' button below it.
- 2. Organisation**: A screenshot of the SAAS 'Request access' page with a 'Go to SAAS' button below it.
- 3. Welcome on CPNP**: A screenshot of the CPNP welcome page with a 'Go to CPNP' button below it.

Green arrows indicate the flow from step 1 to 2, and from step 2 to 3. A large green checkmark is overlaid on the third step.

Fyrsta skrefið - ECAS

Áður en hægt er að tilkynna um snyrtivörur í CPNP vefgáttina þarf að sækja um aðgang á síðu ECAS og fá sent notendanafn og lykilorð með tölvupósti (getur tekið nokkra daga).

¹ Sjá á http://ec.europa.eu/consumers/sectors/cosmetics/files/pdf/cpnpro_user_manual_en.pdf

Notandanafnið og lykilorðið er síðan notað til innskráningar í ECAS og þá opnast aðgangur að SAAS síðunni.

Annað skrefið - SAAS

Á síðu SAAS fer fram skráning framleiðslufyrirtækis í eftirfarandi fjórum skrefum:

- 1 Select application:** Velja á „**Cosmetic Products Notification Portal**“ sem er snyrtivöru vefgátt ESB.
- 2b Create organisation:** Hér er nafn fyrirtækis skráð og ýmsar upplýsingar um það. Neðst á síðunni er beðið um „**Parent organisation**“ og á það eingöngu við um fyrirtæki sem er undir einhverju öðru fyrirtæki (höfuð fyrirtæki). Ef það á ekki við er hakað í „**No parent organisation**“.
- 3 Select access profile:** Hér er hakað við „**Acting under Responsible Person profile**“, neðst á síðunni, sem á við framleiðslu fyrirtækis (er jafnframt ábyrgðaraðili).
- 4 Recap and Submission:** Hér er samantekt á skráningunni, hægt að setja inn athugasemd („Comments“) og neðst á síðunni er skráning staðfest með því að smella á „**Submit request access**“. Eftir það opnast CPNP vefgáttin.

Þriðja skrefið - CPNP

Á CPNP síðunni þarf í fyrstu að haka við „**I agree with the above**“ (sjá mynd hér fyrir neðan). Eftir það opnast vefgátt CPNP.



Privacy statement | contact | profile | logout

English [EN]

CPNP Cosmetic Products Notification Portal

Home

Welcome to the Cosmetic Products Notification Portal

IMPORTANT MESSAGE: Technical intervention
IMPORTANT: Message to all Local Administrators: more than 1900 pending access requests
[Download: Improved xml](#)
 New Communication functionality

I understand that, by logging into the Cosmetic Products Notification Portal, I am given access to information which is business confidential by nature and may be covered by trade secret or intellectual property rights. I commit to treat this information with the highest level of confidentiality and to use it solely for the purposes assigned to it by Regulation (EC) No 1223/2009 of the European Parliament and of the Council of 30 November 2009 on cosmetic products. I also commit not to disclose such information further to unauthorized users or otherwise use it for unauthorized purposes. I understand that liabilities may be incurred under EU and/or national law in case of breaches of my obligation to give such information the appropriate confidential treatment.

I agree with the above



Tilkynning í CPNP

- Byrjað er á því að smella á örina við „**Products**“ á stikunni efst á síðunni.
- Ef tilkynnt er um staka vöru (má þó vera með mismunandi ilmi eða í mismunandi litatönnum) þá er „**Notify a single component product**“ valið.
- Ef tilkynnt er um vöru sem er samsett úr tveimur eða fleiri vörum, t.d. húðvörusett sem verður að nota saman, er hins vegar „**Notify a multi component product**“ valið.

Í tilkynningunni skal síðan setja inn eftirfarandi upplýsingar og gögn:

General information

- Í dálkinn undir „**Product name**“ skal setja inn fullt heiti snyrtivöru þar sem hlutverk hennar kemur fram.
- Í dálkinn „**Language**“ skal, ef við á, velja þau tungumál sem nafn vörunnar verður þýtt yfir á við markaðssetningu í viðkomandi löndum. Ef nafn vörunnar verður það sama í þeim löndum þar sem markaðssetja á vöruna, er „**multilingual**“ valið.
- Í dálkinn „**Shades (if applicable)**“ er hægt að setja inn mismunandi litatóna eða ilmi. Ef munur er á efnasamsetningu þessara vara verður þó að tilkynna hverja og eina fyrir sig.
- Í dálkinn „**Product specifically intended under 3 years of age**“ skal hakað við „Yes“ ef varan er sérstaklega ætluð börnum undir 3ja ára aldri.
- Í dálkinn „**Contact person**“ skal setja inn nafn og ýmsar upplýsingar um þá persónu sem er tengiliður hjá fyrirtækinu.
- Ef varan er tilbúin fyrir markaðssetningu eða er nú þegar á markaði skal haka við „**Product ready to go on the market or product already on the market**“.
- Ef varan er framleidd á Íslandi eða innan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) er hakað í „No“ við „**Product imported in the Community**“. Ef varan er innflutt frá landi utan EES er hakað við „Yes“ og nafn þess lands ritað þar sem varan er framleidd.
- Í dálkinn „**Member State of first placing on the market**“ skal velja það land þar sem varan verður fyrst markaðssett. Ef varan er markaðssett fyrst á Íslandi skal því velja „Iceland“.
- Í lokin er mögulegt að vista tilkynninguna sem drög („draft“) og er mælt með því.

Product details

Upplýsingar um vöruna eru settar inn í þremur skrefum:

1. Section CMR & Nanomaterials

- Hér á að upplýsa um það hvort varan innihaldi einhver CMR efni, það er efni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eða sem skaðað geta æxlun, og hvort varan innihaldi efni sem eru á formi nanóefna („nanomaterials“). Nanóefni eru efni sem eru framleidd í örstærð (þvermál yfirleitt < 100 nm) og komast m.a. í gegnum frumuhimnur.


2. Section Category & Frame formulation

- Fyrst á að velja flokk vöru („**Category of cosmetic product**“) undir „Skin product“, Skin cleansing product“ eða „Soap product“.
- Síðan á að velja á hvaða formi varan er („**Physical form**“) það er hvort hún er á föstu formi, púður, vökvi, froða eða á öðru formi.
- Í dálkinn „**Special application/packing**“ á að haka við „Yes“ ef varan er í óhefðbundnum umbúðum eða í þrýstibrúsa og er þá gerð umbúða valin í fléttalista. Ef varan er í hefðbundnum umbúðum, s.s. dollu, flösku eða venjulegum brúsa, er hakað við „No“.
- Næst á að setja inn upplýsingar um efnainnihald vörunnar. Í byrjun á að velja nafn á samsetningu vöru („**Formulation name**“) t.d. „Soap – Toilet“. Ef ekkert nafn í listanum á við er hægt að velja „other“ og setja inn tillögu að nafni á samsetningu. Hægt er að velja á milli þriggja kosta þegar upplýsingar um efnainnihald vöru eru settar inn það er
 - þekkt rammasamsetningu (þekkt efnasamsetning þar sem styrkur efna er á ákveðnu bili). Valin er rammasamsetning í fléttalista. Til upplýsinga er listi yfir þekktar rammasamsetningar aftast í ensku leiðbeiningunum.
 - efnasamsetningu og nákvæman styrk hvers efnis. Annað hvort er hægt að hlaða inn pdf skjali með þessum upplýsingum eða velja efni úr fléttalista og styrk hvers og eins. Styrkur efna skal vera í % og skal vera punktur en ekki komma í tölum t.d. 0.3 %.
 - efnasamsetningu og styrk hvers efnis á ákveðnu bili (styrkleikabil efna). Annað hvort er hægt að hlaða inn pdf skjali með þessum upplýsingum eða velja efni úr fléttalista og styrkleikabil hvers þeirra. Styrkleikabil efna skal vera í % og skal vera punktur en ekki komma í tölum t.d. >0.1% - ≤1.0%.
- Nota skal INCI heiti efna, ef það er til, eða annað alþjóðlegt heiti. Á síðu CosIng er hægt að skrifa nafn efnis í leitarglugga til að finna út INCI heitið. Ef INCI heiti finnst ekki í leit er í lagi að skrifa inn alþjóðlegt nafn efnis eða á ensku.
- Að lokum skal svara spurningu um það hvort varan innihaldi ákveðin (Glycols and glycol ethers o.fl.). Haka þarf við „**Not applicable**“ ef efnin eru ekki í vörunni. Ef einhver efnanna er í vörunni skal láta viðhengi með frekari upplýsingum fylgja.

3. Section Original labelling & original packaging

- Hér skal hlaða inn skjali með mynd af upprunalegum merkimiða og umbúðum vörunnar. Á merkimiðanum skulu allar skyldubundnar merkingar sjást skýrt og greinilega. Hægt er að setja inn fleiri en eitt viðhengi (stærð þeirra samanlagt má ekki fara yfir 2 MB).

Þegar búið er að tilkynna vöru í CPNP er hægt að leita að henni með því að fara aftur á upphafssíðu vefgáttarinnar og smella á örina við „**Products**“ á stikunni efst á síðunni og smella á „**Simple search**“. Síðan er heiti vörunar skrifað í gluggan undir „**Keyword search**“ (sjá myndina hér fyrir neðan) og smelt á „**Search**“.



Privacy statement | contact | profile | logout

English [EN]

CPNP Cosmetic Products Notification Portal

Home | Products | Useful links

Simple search

This field allows you to search for a product (on product name, component name, responsible person name, distributor name, category level 3, formulation name, CPNP reference). In order to reduce the amount of data returned, please enter words of at least 5 characters.

Keyword search

Reset Search

